

Kjalarnes, Prestshús – ósk um umsögn vegna beiðni um undanþágu frá skipulagsreglugerð
Lagt fram erindi Innviðarráðuneytisins, dags. 22. febrúar 2023, þar sem óskað er eftir umsögn vegna beiðni LEX lögmennspjónustu fyrir hönd Unnarstígs ehf., dags. 21. febrúar 2023, um undanþágu frá 5.3.2.14 gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Í greininni segir m.a. að utan þéttbýlis skuli ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m.

Þess skal gætt við afmörkun lóða og byggingarreita á svæðum utan þéttbýlis að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó.

Umsögn

Skipulagsfulltrúi gerir ekki skipulagslegar athugasemdir við erindið. Um er að ræða lítinn byggingarreit þar sem gert er ráð fyrir allt að 80 m² byggingarmagni. Neðan byggingar er gert ráð fyrir lítilli bryggju, mögulega staura eða flotbryggju, þar sem hægt verður að leggja frístundabátum að sumarlagi. Með tilkomu bátaskýlis er nauðsynlegt að reisa einhvers konar bryggju og telur skipulagsfulltrúi að áðurnefnd framkvæmd muni ekki skerða aðgengi og aðkomu að strandlínunni.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Þórður Már Sigfússon, skipulagsfræðingur og verkefnastjóri.